

**28. fundur hreppsnefndar Ásahrepps, haldinn með fjarfundarbúnaði ZOOM miðvikudaginn 20. maí 2020 klukkan 8:30, skv. samþykkt hreppsnefndar á 25. fundi sínum.**

Mættir voru: Ásta B. Ólafsdóttir, oddviti hreppsnefndar, Brynja J. Jónasdóttir, Egill Sigurðsson, Elín Grétarsdóttir, Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri.

Fundargerð var færð í tölvu og hana ritaði Valtýr Valtýsson.

Oddviti lagði fram tillögu að dagskrárbreytingu, að inn komi einn nýr dagskrárliður nr. 10.8. Tillagan samþykkt samhljóða.

**1. Fundargerðir til samþykktar:**

1.1. 194. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 20-119.

Mál nr. 1; Ás 3 III-2 land L204647; úr íbúðarsvæði í frístundasvæði og landbúnaðarsvæði; Aðalskipulagsbreyting – 191016.

Frá því þetta mál var tekið fyrir hjá skipulagsnefndinni hafa forsendur breyst hjá umsækjendum. Þeir hafa hætt við breytinguna ásamt samræmdri deiliskipulagstillögu (mál nr. 1912017). Báðum þessum málum, nr. 191016 og 191017, eru afturkölluð og ekki verður haldið áfram með þau.

Mál nr. 2; Ás 3 III-2 land (L204647); umsókn um byggingarleyfi; íbúðarhús – 1911051.

Ásta B. Ólafsdóttir vék af fundi við afgreiðslu þessa dagskrárliðar.

Fyrir liggur umsókn Eyjólfssonar Valgarðssonar fyrir hönd Gísla Sveinssonar og Ástu Berghildar Ólafsdóttur, móttekin 25.11.2019, um byggingarleyfi til að byggja íbúðarhús 88,7 m<sup>2</sup> á lóðinni Ás 3 III-2 land (L204647) í Ásahreppi. Hreppsnefnd Ásahrepps geri ekki athugasemd við útgáfu byggingarleyfis fyrir íbúðarhúsi á svæðinu að undangenginni grenndarkynningu skv. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál nr. 24; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20-119 – 2004002F.

Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 22. apríl 2020 lögð fram til kynningar.

1.2. 195. fundur skipulagsnefndar ásamt afgreiðslum byggingarfulltrúa 20-120.

Mál nr. 1; Varnargarðar Hrauneyjalóni; Framkvæmdaleyfi – 2005027.

Lögð er fram umsókn frá Landsvirkjun um framkvæmdaleyfi fyrir dýpkun farvegar Tungnaár. Farvegurinn tekur við flóðavatni frá Hrauneyjafossstöð. Í framkvæmdinni felst dýpkun farvegar og gerðar varnargarðs með því efni sem vinnst í farveginum alls um 20.000 m<sup>3</sup>. Framkvæmdinni er ætlað að koma í veg fyrir tjón af völdum flóða á svæðinu.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir útgáfu framkvæmdaleyfis með fyrirvara um umsögn Forsætisráðuneytisins og Fiskistofu. Framkvæmdin er á áður röskuðu svæði við Hrauneyjafossvirkjun.

Mál nr. 2; Framnes L165278; Nes 1,2 og 3; Stofnun lóða – 2005041.

Lögð er fram umsókn Þórunnar og Jónu Guðbjörnsdætra, dags. 6. maí 2020, um stofnun þriggja landeigna úr jörðinni Framnes L165278. Óskað er eftir að stofna 17,8 ha, 10,3 ha og 32,4 ha lönd úr jörðinni sem fá staðföngin Nes 1, 2 og 3. Aðkoma að þeim er frá Ásvegi (275) eins og sýnd er á meðfylgjandi uppdrætti. Fyrir liggur samþykki eigenda aðliggjandi landeigna á landamerkjum.

Hreppsnefnd Ásahrepps gerir ekki athugasemd við skiptingu landsins né staðföng skv. fyrirbyggjandi umsókn. Ekki er gerð athugasemd við staðfestingu landskipta skv. 13. gr. jarðalaga. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrirbyggjandi umsókn með fyrirvara um samþykki Vegagerðarinnar fyrir nýjum veltengingum.

Mál nr. 30; Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 20-120 – 2005001F.  
Fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa frá 6. maí 2020 lögð fram til kynningar.

- 1.3. 7. fundur vinnuhóps um endurskoðun Aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032. Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fundargerð.
- 1.4. 8. fundur vinnuhóps um endurskoðun Aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032. Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir fundargerð.
- 1.5. 9. fundur stjórnar Vatnsveitur Rangárbings ytra og Ásahrepps bs. Dagskrárliðir 2 og 3 teknir til afgreiðslu hreppsnefndar en aðrir liðir til kynningar.

Dagskrárliður 2; Ársreikningur Vatnsveitu 2019.  
Hreppsnefnd Ásahrepps staðfestir ársreikninginn fyrir sitt leyti.

Dagskrárliður 3; Lántaka Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps vegna framkvæmda.

Stjórn vatnsveitunnar óskar eftir því við aðildarsveitarfélög að þau ábyrgist lántöku Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps bs að upphæð 110 mkr, hjá Lánasjóði sveitarfélaga, í samræmi við samþykktu fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2020. Um er að ræða fjármögnun á framkvæmdum við stækkun Lækjarbotnaveitu.

Tillaga liggur fyrir um að hreppsnefnd Ásahrepps samþykki hér með á hreppsnefndararfundum að veita einfalda ábyrgð og veðsetja til tryggingar ábyrgðinni tekjur sínar í samræmi við hlutfall eignarhalds, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. og 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, til tryggingar láns Vatnsveitu Rangárbings ytra og Ásahrepps bs. hjá Lánasjóði sveitarfélaga að höfuðstól allt að kr. 110.000.000. Nær samþykki hreppsnefndar Ásahrepps jafnframt til undirritunar lánasamnings og að sveitarfélagið beri þær skyldur sem þar greinir.

Er lánið tekið til að fjármagna framkvæmdir við stækkun Lækjarbotnaveitu sem felur í sér að vera verkefni sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Valtý Valtýssyni, kt. 221060-2379, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Ásahrepps að undirrita lánessamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.

Fyrirliggjandi tillaga er samþykkt samhljóða.

Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.

## 2. Fundargerðir til kynningar:

- 2.1. 7. fundur vinnuhóps um sameiningu sveitarfélaga; SvSuðurland.
- 2.2. 8. fundur vinnuhóps um sameiningu sveitarfélaga; SvSuðurland.
- 2.3. 10. fundur stjórnar Húsakynna bs.
- 2.4. 76. fundur félagsmálanefndar Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu.
- 2.5. 44. fundur stjórnar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu..
- 2.6. 45. fundur stjórnar Byggðasamlags um félags- og skólaþjónustu.
- 2.7. 83. fundur svæðisráðs vestursvæðis VJÞ.
- 2.8. 84. fundur svæðisráðs vestursvæðis VJÞ.
- 2.9. 292. fundur stjórnar SOS.
- 2.10. 204. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- 2.11. 14. fundur stjórnar Bergrisans bs.
- 2.12. 15. fundur stjórnar Bergrisans bs.
- 2.13. 16. fundur stjórnar Bergrisans bs.
- 2.14. 557. fundur stjórnar SASS.
- 2.15. Minnisblað frá samráðsfjarfundi SASS, dags. 17. apríl 2020.
- 2.16. Minnisblað frá samráðsfjarfundi SASS, dags. 29. apríl 2020.
- 2.17. Minnisblað frá samráðsfjarfundi SASS, dags. 8. maí 2020.
- 2.18. 881. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 2.19. 882. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- 2.20. 883. fundur stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.

## 3. Afgreiðsla ársreiknings sveitarsjóðs Ásahrepps 2019.

Ársreikningur Ásahrepps fyrir rekstrarárið 2019 lagður fram til annarrar og lokaumræðu hjá hreppsnefnd. Helstu lykiltölur ársreiknings samstæðu eru eftirfarandi í þúsundum króna:

### *Rekstrarreikningur:*

Rekstrartekjur:	459.337
Rekstrargjöld:	288.383
Afskriftir:	-15.351
Fjármunatekjur:	22.533
Rekstrarniðurstaða:	178.136

### *Efnahagsreikningur:*

#### *Eignir:*

Fastafjármunir:	377.599
Veltufjármunir:	247.237
Eignir samtals:	624.836

#### *Skuldir og eigið fé:*

Eigið fé:	563.547
Langtímaskuldir:	38.287
Skammtímaskuldir:	23.002
Skuldir alls:	61.289
Eigið fé og skuldir samtals:	624.836

Handbært fé um áramót: 201.968

Veltufjárhlutfall:	11,05
Eiginfjárhlutfall:	94,7%

Skuldahlutfall:	7,0%
Jafnvægisregla – rekstrarjöfnuður:	194.552

Rekstrarniðurstaða ársins 2019 er óvenjuleg að því leyti að verulegar óreglulegar tekjur runnu í sveitarsjóð í kjölfar dóms Hæstaréttar. Vísað er til skýrslu sveitarstjórnar í ársreikningi til frekari skýringa. Hreppsnefnd samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi ársreikning Ásahrepps fyrir rekstrarárið 2019 og staðfestir hann með rafrænni undirritun.

Ársreikningur Ásaljóss lagður fram til samþykktar. Helstu lykiltölur ársreiknings í þúsundum króna eru:

<i>Rekstarreikningur:</i>	
Rekstrartekjur:	5.027
Rekstrargjöld:	1.058
Afskriftir:	-3.669
Fjármagnsgjöld:	-428
Rekstrarniðurstaða:	174

<i>Efnahagsreikningur:</i>	
Eignir:	78.950
Veltufjármunir:	4.964
Eignir alls:	83.915

Eigið fé:	72.872
Skammtímaskuldir:	11.043
Eigið fé og skuldir samtals:	83.915

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi ársreikning Ásaljóss fyrir rekstrarárið 2019 og staðfestir hann með rafrænni undirritun.

#### 4. Rekstraryfirlit sveitarsjóðs Ásahrepps.

Rekstraryfirlit fyrir sveitarsjóð Ásahrepps, dags. 15. maí 2020, lagt fram til kynningar.

#### 5. LED-væðing ljósastaura; niðurstaða verðkönnunar.

Sveitarstjóri kynnti niðurstöðu verðkönnunar meðal rafvirkja er viðkemur vinnuþætti verkefnisins. Vísað til 7. dagskrárliðar 26. fundar hreppsnefndar.

Lægst bjóðandi er Rafverkstæði Ragnars ehf, Hvolsvelli. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningum við Ragnar á grundvelli þessa tilboðs.

#### 6. Samningar:

##### 6.1. Samningur um umsjón fegrunarátaks í Ásahreppi.

Lögð fram drög að samningi við Ellisif M. Bjarnadóttur um verkefnastjórn og umsjón fegrunarátaks í Ásahreppi.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða fyrirbyggjandi samning með fyrirvara um breytingu á tímaramma verkefnisins og felur sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd hreppsnefndar Ásahrepps.

Ástu Beggu, Elínu og Valtý falið að vinna ramma og skilgreiningar um verkefnið sem kynntur verður öðrum fulltrúum hreppsnefndar eins fljótt og auðið er.

- 6.2. Samningur um persónuverndarfulltrúa.  
Lögð fram drög að þjónustusamningi milli Ásahrepps og SEKRETUM ehf. um hlutverk persónuverndarfulltrúa. Þessi drög að samningi er samsvarandi og sá samningur sem er í gildi við Dattaca Labs, en er fjárhagslega hagkvæmari. Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að segja upp samningum við Dattaca Labs og semja við SEKRETUM ehf um þessa þjónustu. Sveitarstjóra falið að undirrita samning fyrir hönd hreppsnefndar Ásahrepps.
7. **Samþykkt um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu.**  
Samþykkt um meðhöndlun úrgangs á starfssvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu er lögð fram til annarrar umræðu og lokaafgreiðslu. Vísað er til fyrri umræðu hreppsnefndar á 24. fundi, 6. dagskrárlið.  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða framlagða samþykkt um meðhöndlun úrgangs.
8. **Verkefni á Holtamannafrétti sumarið 2020.**  
Oddviti gerði grein fyrir stöðu mála varðandi verkefni um merkingu gönguleiða á Holtamannafrétti, sem styrkur fékkst til úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Verkefnið verður unnið í samstarfi við Rangárþing ytra sem hefur umsjón með Vinnuskólanum og mun einnig auglýsa 8 laus störf fyrir framhaldsskólanema í samstarfi við Vinnumálastofnun.  
Einnig var rætt um þörf á að mála fjallaskálann Gásagust í Þúfuveri og jafnvel slysavarnarskýlið einnig.  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða þessa tilhögun verkefnisins og einnig að kaupa málningu til að mála Gásagust og slysavarnarskýlið.
9. **17. júní 2020; ákvörðun um hátíðarhöld.**  
Umræða var um hvort standa skuli að hátíðarhöldum í Ásabrekku 17. júní n.k. í ljósi þeirra aðstæðna sem skapast hafa vegna Covid-19.  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að hátíðin verði haldin í Ásabrekku og verði kynnt með dreifibréfi á öll heimili hreppsins.
10. **Innsend bréf og erindi:**
- 10.1. Svarbréf Kirkjugarðaráðs vegna erindis Tré lífsins, sbr. dagskrárliður 12.3 á 19. fundi hreppsnefndar.  
Lagt fram svarbréf Kirkjugarðaráðs þar sem fram kemur að ráðið lítur svo á að breyta þurfi lögum til að verkefnið geti orðið að veruleika. Það liggur fyrir að Kirkjugarðaráð á eftir að eiga fund með fulltrúum Tré lífsins til að fara yfir málið.
- 10.2. Tölvuskeyti Útivistarfélagsins Rottugengisins, dags. 24. apríl 2020; Illugaver.  
Lagt fram tölvuskeyti Útivistarfélagsins Rottugengisins þar sem óskað er eftir að framlengja samning við sveitarfélagið varðandi umsjón og viðhald á gangnamannahúsinu Illugaveri á Holtamannafrétti.  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að ekki verði gerður leigusamningur um skála hreppsins á þjóðlendum áður en gert hafi verið lóðarblað fyrir viðkomandi skála og nýtingarsamningur við Forsætisráðuneytið. Þá verði viðkomandi eign auglýst á almennum vettvangi til útleigu. Sveitarstjóra falið að ræða við Útivistarfélagið Rottugengið.

- 10.3. Tölvuskeyti TORG /Hringbraut, dags. 27. apríl 2020; Bærinn minn.  
Lagt fram tölvuskeyti frá Torg / Hringbraut þar sem Ásahreppi er boðin þátttaka í gerð nýrra þáttaraðar sem heitir „Bærinn minn“.  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að taka ekki þátt í verkefninu.
- 10.4. Tölvuskeyti Sigrúnar Þóroddsdóttur, dags. 11. maí 2020; beiðnu um að jörðin Sauðholt 2 verði tekin af fjallskilaskrá.  
Lagt fram tölvuskeyti Sigrúnar Þóroddsdóttur þar sem hún óskar eftir að jörðin hennar Sauðholt 2 verði tekin af fjallskilaskrá.  
Hreppsnefnd Ásahrepps vísar þessu erindi til fjallskiladeildar Holtamannafréttar til umfjöllunar. Óskað er eftir því að niðurstaða fjallskiladeildar liggi fyrir við fyrstu hentugleika, þannig að niðurstaða liggi fyrir áður en næsti fundur hreppsnefndar verður haldinn í júnímánuði.
- 10.5. Tölvuskeyti Skógræktarfélags Rangæinga, dags. 13. maí 2020; Ásabrekka.  
Lagt fram tölvuskeyti Skógræktarfélags Rangæinga þar sem fjallað er um stöðu mála í Ásabrekkuskógi. Hreppsnefnd Ásahrepps fagnar því starfi sem félagið hefur innt af hendi í Ásabrekku og þau verkefni sem félagið hyggst fara í. Varðandi viðhald girðingarinnar í kringum skógarreitinn, þá er sveitarstjóra falið að ræða og semja við verktakann, sem fer með girðingu þjóðvegarins fyrir Ásahrepp, til að taka þetta verkefni að sér.
- 10.6. Tölvuskeyti Neistans, styrktarfélags hjartveikra barna, dags. 21. apríl 2020; styrkbeiðni.  
Lagt fram tölvuskeyti Neistans þar sem óskað er eftir styrk við útgáfu afmælisblaðs félagsins.  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að styrkja félagið um kr. 9.000.
- 10.7. Tölvuskeyti Markaðsstofu Suðurlands, dags. 15. maí 2020; gagnvirkt ferðalag.  
Lagt fram tölvuskeyti Markaðsstofu Suðurlands þar sem kynnt er ný og spennandi tæknilaus sem framleiðir markaðs- og kynningarefni í rauntíma.  
Verkefnið heitir Gagnvirkt ferðalag.  
Fjármögnun verkefnisins er í vinnslu, en heildarkostnaður við verkefnið eru rúmar 15 mkr. Sóknaráætlun Suðurlands hefur lagt til fjármagn til verkefnisins að því gefnu að verkefnið verði að fullu fjármagnað. Stjórn Markaðsstofu hefur ákveðið að setja 3,5 mkr í verkefnið, en þá stendur út af 3,5 mkr. Því er leitað til sveitarfélaga á Suðurlandi að fjármagna þessar 3,5 mkr. Því óskar Markaðsstofan eftir því við Ásahrepp að styrkja verkefnið að upphæð kr. 94.840 sem skiptist í kr. 75.000 grunnframlag og síðan kr. 80 fyrir hvern íbúa sveitarfélagsins.  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir samhljóða að styrkja verkefnið að upphæð kr. 94.840.
- 10.8. Landskipti Áskots; lóðarblað vegna landskipta.  
Áskot B er stofnuð úr Áskoti L165263 skv. lóðablaði dagsettu 13. maí 2020.  
Áskot L165263 verður 25,3 ha að stærð eftir þessi landskipti, skv. framlögðu lóðarblaði, sem eigendur aðliggjandi jarða og lóða hafa samþykkt með undirritun sinni.  
Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkir fyrir sitt leyti að jörðin Áskot L165263 verði skipt skv. framlögðu lóðarblaði, en bendir á að erindið verður að fara fyrir skipulagsnefnd og er samþykki hreppsnefndar með fyrirvara um samþykki skipulagsnefndar.

**11. Bréf og erindi til kynningar:**

- 11.1. Tölvuskeyti Rangárþings ytra, dags. 15. apríl 2020; umsögn vegna lýsingar skipulags- og matsáætlunar Ásahrepps.
- 11.2. Bréf Vatnajökulspjóðgarðs, dags. 7. apríl 2020; umsögn vegna lýsingar skipulags- og matsáætlunar Ásahrepps.
- 11.3. Bréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps, dags. 17. apríl 2020; umsögn vegna lýsingar skipulags- og matsáætlunar Ásahrepps.
- 11.4. Tölvuskeyti Loftmynda, dags. 15. apríl 2020; Kortasjái.
- 11.5. Bréf UMFÍ, móttakið 22. apríl 2020; Hreyfivika UMFÍ 2020.
- 11.6. Afrit af bréfi Vegagerðarinnar, dags. 5. maí 2020; Röðulsvegur.

**12. Trúnaðarmál.**

Fært í trúnaðarmálabók.

**13. Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar.**

Næsti reglubundni fundur hreppsnefndar Ásahrepps verður haldinn miðvikudaginn 15. júní 2020 og verður haldinn sem fjarfundur.

Fundargerð samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:40.

Ásta B. Ólafsdóttir  
Brynja J. Jónasdóttir  
Egill Sigurðsson  
Elín Grétarsdóttir  
Guðmundur J. Gíslason  
Valtýr Valtýsson

# Undirritunarsíða

sveitarstjóri  
Valtýr Valtýsson

oddviti hreppsnefndar  
Ásta Berghildur Ólafsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi  
Brynja Jóna Jónasdóttir

hreppsnefndarfulltrúi  
Egill Sigurðsson

hreppsnefndarfulltrúi  
Elín Grétarsdóttir

hreppsnefndarfulltrúi  
Guðmundur Jóhann Gíslason